

**Nd.**

**297. Frumvarp til laga**

[137. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 40 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 61 20. maí 1965 var ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast allt að 30 millj. kr. lán vegna byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. Þessi ábyrgðarheimild er nú fullnotuð, en þó vantar verulega á það, að lokið sé byggingu þeirra dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, sem í smíðum eru í samræmi við áætlun um framkvæmdir á þessu sviði. Bendir athugun, er gerð hefur verið á kostnaði við að ljúka þessum framkvæmdum, til þess, að þörf muni vera á 35 millj. kr. viðbótarábyrgðum. Þykir rétt að miða heimildina við nokkru hærri fjárhæð.